



### Afrekshundar ársins 2012 – Hundavinir Rauða krossins á Íslandi

Rauði krossinn á Íslandi hefur síðustu 12 ár lagt áherslu á verkefni sem nefnt er Heimsóknavinir og frá árinu 2006 hafa hundar tekið þátt í verkefninu. Eru sjálfbóðaliðar með hunda kallaðir Hundavinir og hefur þeim farið jafnt og þétt fjölgandi bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Grundvallarhugmyndin er sú að sjálfbóðaliði heimsæki gestgjafa sinn reglulega, til dæmis einu sinni í viku eða á tveggja vikna fresti. Heimsóknarvinir fara til dæmis á hjúkrunarheimili, sambyli, einkaheimili og jafnvel í fangelsi. Markmiðið er að mæta þörfum gestgjafa og stuðla að tilbreytingu og/eða hvatningu. Sömu grundvallarhugmyndir gilda þegar hundar fara í heimsóknir.

Frá árinu 2006 hafa hundar farið í reglubundnar heimsóknir með eigendum sínum á sömu forsendum og aðrir heimsóknarvinir Rauða krossins. Forsvarsmenn stofnana og hjúkrunardeilda geta óskað eftir því að hundur komi í heimsókn og einnig geta einstaklingar óskað eftir því að fá hund í heimsókn. Þá er hundurinn í aðalhlutverki, en ekki eigandinn eins og í hefðbundnum verkefnum meðal heimsóknarvina. Hundar af öllum stærðum og gerðum fara í heimsóknir, en miðað er við að þeir séu að minnsta kosti tveggja ára gamlir.

Nokkur undirbúningur liggur að baki hvernar heimsóknar. Eigendur hundanna þurfa að byrja á því að fara á námskeið fyrir heimsóknarvini hjá Rauða krossinum. Eftir það tekur við sérstakt námskeið fyrir eiganda hundsins og hundurinn þarf að gangast undir sérstakt mat til að ganga úr skugga um að hann henti í verkefnið.

Áhersla er lögð á að velja saman hund og gestgjafa, því það getur farið eftir geðslagi hundsins og persónuleika hvort betra er að hann fari í heimsóknir á einn stað en annan. Sumum hundum hentar til dæmis betur að heimsækja einstakling, meðan aðrir njóta sín best í fjölmenni.

Um þessar mundir eru milli 30 og 40 hundar í reglubundnum heimsóknum á vegum Rauða krossins. Flestir eru á höfuðborgarsvæðinu, en nokkrir á landsbyggðinni, einkum á Austfjörðum og Norðurlandi. Rauða kross deildir eru starfræktar um allt land og eru Hundavinir hluti af starfsemi þeirra.